

**65. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
7. janúar 2019 og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Ólafur Páll Gunnarsson formaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfsson dóttir aðalmaður, Ingbór B. Þórhallsson aðalmaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Jónella Sigurjónsdóttir fulltrúi Hvalfjarðarsveitar og Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála.

Fundargerð ritaði: Ella María Gunnarsdóttir, forstöðumaður menningar- og safnamála.

Fyrir tekið:

1. 1810155 - Breytingar á starfsmannahaldi á söfnum

Forstöðumaður kynnir breytingar á starfsmannamálum safnanna fyrir nefndinni.

Forstöðumaður fór yfir og kynnti breytingarnar sem um ræðir. Eina fjárukningin sem breytingarnar fela í sér er 25% aukning á stöðugildi á Byggðasafni, aðrar breytingar eru tilfærslur á milli stofnana.

2. 1901099 - Bókasafn framtíðarinnar

Forstöðumaður leggur fram verkefnistillögu til afgreiðslu.

Forstöðumanni falið að óska eftir fjármunum frá bæjarráði til verkefnisins í samræmi við framlagða verkefnistillögu.

Forstöðumanni jafnframt falið að skipuleggja heimsókn á bókasöfn á höfuðborgarsvæðinu.

3. 1806199 - Fjárhagsáætlun 2019 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2020-2022

Forstöðumaður upplýsir nefndina um fjárhagsáætlun málaflokksins fyrir árið 2019.

Forstöðumaður fór yfir fjárhagsáætlun málaflokksins fyrir árið 2019. Nefndin lýsir yfir óánægju með að ekki hafi fengist fjármagn til að vinna verkefni tengd viðburðahaldi sem stuðla að framgangi nýrrar menningarstefnu, t.d. barnameningarhátíð.

Fulltrúi Hvalfjarðarsveitar yfirgefur fundinn.

4. 1812034 - Styrkir vegna menningar- og íþróttamála 2019

Forstöðumaður leggur fram til umræðu þær 20 styrkumsóknir sem bárust í menningartengd verkefni.

Farið var yfir umsóknir og nefndin lagði fram tillögu að styrkúthlutunum.

Forstöðumanni falið að koma tillögunni í farveg.

Ólafur Páll Gunnarsson
INGBÓR B. ÞÓRHALLSSON
Helga Kristín Björgólfsson

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:45.

Guðmundur Claxton

Ella María Gunnarsdóttir

Ella María Gunnarsd.